

Nd.

488. Nefndarálit

[89. mál]

um frv. til laga um verzlunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum sínum og leitað umsagnar um það hjá nokkrum aðilum.

Nefndin var sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. 3. tölul. orðist þannig:

Hefur lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra metur jafngilda. Enn fremur má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er völ á slíkum verzlunarnámskeiðum sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun.

Alþingi, 30. marz 1968.

Matthías Bjarnason,
form., frsm.

Bragi Sigurjónsson,
fundaskr.

Steingrímur Pálsson.

Gísli Guðmundsson,
með fyrirvara.

Pétur Sigurðsson.

Jón Kjartansson.

Jónas Pétursson.